

## 12. gr.

Halda skal nákvæma skrá yfir veðmálastarfsemina, svo sem inngreiddar og útgreiddar veðfjárhæðir og ráðstöfun tekna, og afhenda hana dóms- og kirkjumálaráðuneytinu innan 6 mánaða frá því að veðmálastarfsemi lýkur.

## 13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 20. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 1 árs.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Námssjóð Sameinaðra verktaka hf. við Tækniskóla Íslands.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir *Námssjóður Sameinaðra verktaka hf. við Tækniskóla Íslands*. Sjóðurinn tekur við námssjóði sem Sameinaðir verktakar hf. stofnuðu til að styrkja efnilega námsmenn í tæknifræðum og falla allar eignir þess sjóðs til þessa sjóðs við stofnun.

## 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega námsmenn til framhaldsnáms í tæknifræðum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar og ákvæðum stofnskrár þessarar.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11.725.000 - krónur ellefu milljónir sjöhundruð tuttugu og fimmþúsund. Þar af telst bundinn höfuðstóll kr. 10.000.000 sem ekki má skerða. Öðrum eignum og áföllnum vöxtum má sjóðsstjórnin úthluta sem styrkjum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Tækniskóli Íslands tilnefnir tvo menn og menntamálaráðuneytið einn, og skal sá síðastnefndi vera formaður. Tilnefning stjórnarmanna er til þriggja ára í senn. Tilkynning um hverjir skipi stjórn sjóðsins skal send Ríkisendurskoðun.

## 4. gr.

Sjóðurinn er í vörslu Tækniskóla Íslands undir yfirumsjón stjórnarmanna. Stjórnarmenn skulu kappkosta að ávaxta sjóðinn á tryggan hátt og stefna að hámarks ávöxtun hverju sinni. Bókhald sjóðsins skal fært sérstaklega og fjárhagur hans aðskilinn frá annarri starfsemi. Reikningsárið er almanaksárið og skal endurskoðaður ársreikningur liggja fyrir í apríl ár hvert. Stjórn sjóðsins tilnefnir endurskoðendafélag til að endurskoða ársreikning sjóðsins. Endurskoðaður ársreikningur skal árlega fyrir lok júnímánaðar sendur Ríkisendurskoðun.

## 5. gr.

Aðaltekjustofn sjóðsins er vaxtatekjur. Sjóðinn má ávaxta:

1. Í ríkistryggðum skuldabréfum, bankavíxlum, öruggum skuldabréfum og hlutabréfum.
2. Hjá bönkum, sparisjóðum eða verðbréfasjóðum, sem á hverjum tíma uppfylla skilyrði gildandi laga um starfsemi slíkra stofnana.

Heimilt er sjóðsstjórninni að fela banka eða viðurkenndu verðbréfafyrirtæki fjárvörslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita viðtöku gjöfum eða öðrum framlögum til sjóðsins og skulu slík framlög leggjast við höfuðstól. Viðtaka slíkra gjafa eða framlaga má þó ekki hafa í för með sér skuldbindingar um tiltekna ráðstöfun eða annað er bindur hendur stjórnarinnar.

## 6. gr.

Vöxtum sjóðsins að frádregnum rekstrarkostnaði má verja til að styrkja nemendur til náms skv. 2. gr. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs á stofndegi.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki tvisvar á ári, í desember og maí. Við ákvörðun um styrkveitingar hefur stjórnin til hliðsjónar námsárangur umsækjenda svo og hversu langt þeir eru komnir í námi. Að öðru jöfnu ganga þeir umsækjendur fyrir, sem komnir eru næst námslokum. Einnig getur stjórnin, þegar aðstæður gefa tilefni til, haft hliðsjón af efnahag umsækjenda.

## 8. gr.

Umsækjendur sem til greina koma við styrkveitingar úr sjóðnum eru:

1. Nemendur sem hafa hafið nám á þriðja ári í rekstrar- eða iðnrekstrarfræði.
2. Nemendur í tæknifræði sem lokið hafa 5. misseri.
3. Nemendur í heilbrigðisdeild, þ.e. meinatækni eða röntgentækni, sem lokið hafa 5. misseri.
4. Nemendur sem lokið hafa námi og hafa fengið námsvist við menntastofnun sem veitir hærri prófgráðu í grein viðkomandi.
5. Nemendur sem lokið hafa sams konar hluta hliðstæðs náms, sem síðar kann að verða kennt við skólann.

## 9. gr.

Berist ekki umsóknir sem stjórn sjóðsins telur styrkhæfar er heimilt að leggja þá upphæð sem ætluð var til styrkveitinga við höfuðstól eða ákveða að bæta henni við styrkveitingar þegar úthlutun fer næst fram.

## 10. gr.

Breytingar á stofnskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni og dómismálaráðherra heimilar þær.

Verði breyting á skipan tæknimenntunar í landinu skal breyta úthlutunarreglum úr sjóðnum í samræmi við þær, þannig að sjóðurinn haldi ávallt tilgangi sínum, sem er að styrkja til náms nemendur sem sýnt hafa góðan árangur í tækninámi til áframhaldandi náms.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi tekur gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðherra.

## 12. gr.

Komi til þess að starfsemi sjóðsins leggist niður, getur stjórn hans ákveðið að leggja eigur hans til annars sjóðs, sem hafi hliðstæð markmið.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1998.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Yrkju.

## 1. gr.

Hinn 3. mars 1990 var, að ósk forseta Íslands, Vigdísar Finnbogadóttur, stofnaður sjóður handa íslenski æsku til ræktunar landsins, er ber heitið Yrkja.

## 2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

## 3. gr.

Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju.

## 4. gr.

Hluta af tekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

## 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 28.782.700 sem óheimilt er að skerða að raungildi. Stofnfé skal aukið með öllum hagnaði sem verður af útgáfu ritsins „Yrkju“ sem gefið er út í tilefni af sextugsafmæli forseta Íslands, Vigdísar Finnbogadóttur. Sjóðurinn getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggum hætti samkvæmt ákvörðun stjórnar.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðrum eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé og ávaxtast með sama hætti nema gjafir séu skilyrtar sérstökum verkefnum. Stjórnarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins en sjóðsstjórn tekur ekki laun.